

Ályktunartillaga um breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót – Röð liða í stigakeppni–

Lögð er til við stjórn KSÍ eftirfarandi breyting á reglugerðinni:

21.3.

Greinin hljóðar svo:

“Sigurvegari í stigakeppni er það lið sem hlýtur flest stig og í 2. sæti er það lið sem hlýtur næst flest stig o.s.frv. Röð liða í stigakeppni ákvarðast nánar samkvæmt eftirfarandi (sbr. þó grein 21.4):

- a. Fjöldi stiga.
- b. Markamismunur (skoruð mörk að frádregnum fengnum mörkum).
- c. Fjöldi skoraðra marka.
- d. Fjöldi stiga í innbyrðis leikjum.
- e. Markamismunur í innbyrðis leikjum.
- f. Fjöldi skoraðra marka í innbyrðis leikjum.
- g. Fjöldi skoraðra marka á útivelli í innbyrðis leikjum.

Ef úrslit fást ekki skv. framangreindu í meistaraflokk, skulu liðin leika úrslitaleik (úrslitaleiki ef fleiri en tvö lið) ef nauðsyn krefur, en í öðrum flokkum skal ákvarða röð með hlutkesti.”

Greinin hljóði svo:

“Sigurvegari í stigakeppni er það lið sem hlýtur flest stig og í 2. sæti er það lið sem hlýtur næst flest stig o.s.frv. Röð liða í stigakeppni ákvarðast nánar samkvæmt eftirfarandi (sbr. þó grein 21.4):

- a. Fjöldi stiga.
- b. Markamismunur (skoruð mörk að frádregnum fengnum mörkum).
- c. Fjöldi skoraðra marka.
- d. Fjöldi stiga í innbyrðis leikjum.
- e. Markamismunur í innbyrðis leikjum.
- f. Fjöldi skoraðra marka í innbyrðis leikjum.
- g. Fjöldi skoraðra marka á útivelli í innbyrðis leikjum.

Ef úrslit fást ekki skv. framangreindu í meistaraflokk, skulu liðin leika úrslitaleik (úrslitaleiki ef fleiri en tvö lið) ef nauðsyn krefur, en í öðrum flokkum skal ákvarða röð með hlutkesti. ‘Í Pepsi-deild kvenna skal þó fjöldi stiga í innbyrðis leikum ráða röð liða með jafnmörg stig en ofangreindir þættir við ákvörðun um röð liða eiga við að öðru leyti ráði stig í innbyrðis viðureignum ekki úrslitum”

Greinargerð:

Talsverður getumunur er á milli bestu og lökustu liða Pepsi-deildar kvenna, meiri en í Pepsi-deild karla, og því hafa úrslit þar sem annað liðið skorar afar mörg mörk en hitt liðið ekkert eða fá oft litið dagsins ljós. Í sumum leikjum er ekki fjarri lagi að tala um niðurlægingu í því sambandi. Núverandi fyrirkomulag hvetur lið til að halda áfram að bæta við mörkum á andstæðinginn algerlega að þarflausu þegar úrslit mikið meira en liggja fyrir með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á liðan keppinautanna – ekki síst þegar þeir lenda í þeirri aðstöðu leik eftir leik. Eins og nú háttar til er það beinlínis nauðsynlegt að halda áfram að reyna að bæta við mörkum, alveg sama þótt staðan sé jafnvel 10-0, enda gæti það ráðið úrslitum um sæti liða í mótslok, jafnvel Íslandsmeistaratitil. Oftar en ekki eru lið sem lenda ítrekað í því að tapa leikjum með miklum mun skipuð ungum og óhörðnuðum leikmönnum sem eru illa í stakk búnir til að taka slíkum áföllum. Þó svo vissulega sé hvorki hægt né ástæða til að taka fyrir það að stórsigrar geti unnist, er ekki þar með sagt að ástæða sé til að vera með kerfi sem beinlínis hvetur til slíkrar niðurlægingar. Þá er ógetið um kannski neikvæðasta þátt núverandi fyrirkomulags sem er sá að jafnvel lið sem eru að rótbursta andstæðinginn heykjast á að gefa ungum og efnilegum knattspyrnukonum tækifæri til að koma inn á og öðlast reynslu af því að spila í Pepsi-deildinni, einfaldlega vegna þess að það kann að minnka eitthvað möguleika liðsins á að skora fleiri mörk. Sú staða að lið sem er að vinna andstæðinga sína með kannski tveggja stafa tölu, skipti ekki inn á varamönnum er þannig að hún dæmir sjálf það kerfi sem hvetur til slíkrar niðurstöðu.

Stjarnan